



Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Janúar 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	5
3.1	Fjárheimildir	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur	7
5.2	Umfjöllun	7
5.2.1	Risna.....	7
5.2.2	Ferðakostnaður.....	7
5.2.3	Opinber innkaup	7
5.2.4	Innkaupakort.....	7
5.2.5	Láns- og reikningsviðskipti	7
5.2.6	Styrkir	7
5.2.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	7
5.3	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða	8
6.1	Sértekjur.....	8
6.2	Laun og launatengd gjöld.....	8
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	8
6.4	Niðurstaða.....	8
7	Endurskoðun efnahagsliða	9
7.1	Eignir	9
7.1.1	Handbært fé.....	9
7.2	Eigið fé og skuldir	9
7.2.1	Höfuðstóll	9
7.2.2	Viðskiptaskuldir.....	9
7.2.3	Ríkissjóður.....	9
7.3	Niðurstaða.....	9
8	Önnur atriði	10
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	10
8.2	Lögfræðibréf	10
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	10
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	10

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirsmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn var síðast tekinn til skoðunar árið 2013 fyrir fjárhagsárið 2012.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn fyrir árið 2016 var án athugasemda.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir um 32,6 m.kr. rekstrargjöldum hjá Náttúruvannsóknastöðinni við Mývatn sem mæta skyldi með 6,1 m.kr. sértekjum og 26,5 m.kr. framlagi ríkisins. Niðurstaðan var sú að rekstrargjöld voru 28,1 m.kr. og sértekjur 1,8 m.kr. þannig að 0,2 m.kr. tekjuafgangur varð á árinu.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn á árinu 2016, ásamt rekstrarniðurstöðu ársins 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-6.100	-6.100	-1.765	4.335	-3.435
Launagjöld	30.200	30.200	20.866	-9.334	18.690
Önnur rekstrargjöld	1.700	1.700	6.154	4.454	6.253
Eignakaup	700	700	395	-305	0
Tilfærslur	0	0	693	693	663
Samtals	26.500	26.500	26.343	-157	22.171

Sértekjur voru 4,3 m.kr. lægri en fjárheimildir, launagjöld voru 9,3 m.kr. lægri en fjárheimildir og önnur rekstrargjöld voru 4,5 m.kr. umfram fjárheimildir.

Helstu breytingar á milli ára eru 1,7 m.kr. lækkun á sértekjum, 2,2 m.kr. hækkun launagjalda og 395 þús. kr. meira fé varið til eignakaupa.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir hærri sértekjum og lægri rekstrarkostnaði. Gert var ráð fyrir 2,5 m.kr. tekjuafgangi í rekstraráætlun en 0,2 m.kr. tekjuafgangur var á árinu.

3.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við niðurstöðu rekstrar þar sem stofnunin er innan fjárheimilda árið 2016. Rekstraráætlun er skráð í fjárhagskerfi ríkisins og fylgst er með frávikum frá áætlun innan ársins.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfinu kom í ljós að ýmsir þættir sem stuðla að innra eftirliti eru fyrir hendi. Umsjón bókhalds og fjármála fyrir Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn er hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og fellur undir reglur þess. Forstöðumaður áritar og samþykkir reikninga. Fylgiskjöl eru merkt fyrir bókhald hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og skrifstofustjóri ráðuneytis áritar reikninga til greiðslu.

Fjárhagskerfi ríkisins er notað fyrir bókhalds- og launavinnslu og stofnunin er í bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Umsjón launavinnslu er hjá Fjársýslu ríkisins.

4.3 Niðurstaða

Fylgt er formlegum verkferlum sem gilda hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Aðgreining starfa er tryggð m.a. með því að stofnunin er í bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraáætlun í kafla 3.

5.2 Umfjöllun

Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016.

5.2.1 Risna

Engin risna var vegna fjárhagsársins 2016.

5.2.2 Ferðakostnaður

Reglum um ferðakostnað á vegum ríkisins er fylgt og eyðublöð fyrir ferðaheimildir og ferðareikninga notuð samkvæmt leiðbeiningum Fjársýslu ríkisins.

5.2.3 Opinber innkaup

Samkvæmt upplýsingum forstöðumanns er reglum um innkaup á vegum ríkisins fylgt eftir því sem við á.

5.2.4 Innkaupakort

Stofnunin er með eitt innkaupakort vegna kaupa á rekstrarvörum og fargjöldum.

5.2.5 Láns- og reikningsviðskipti

Stofnunin er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu og ekki heldur með skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

5.2.6 Styrkir

Engir styrkir voru veittir á fjárhagsárinu 2016.

5.2.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK er í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

5.3 Niðurstaða

Ekki verður séð annað en stofnunin fylgi þeim lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald hjá A-hluta ríkisstofnunum.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Sértekjur

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2016 námu tekjur Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn 1.8 m.kr. Endurgreiðslur á útlögðum kostnaði vegna samnings við Háskólann í Wisconsin, Bandaríkjunum voru um 1,7 m.kr. og vaxtatekjur tæplega 0,1 m.kr.

6.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á árinu 2016 námu 20,9 m.kr. og hækkuðu um 2,2 m.kr. frá fyrra ári eða 11,6%. Á árinu 2016 var greitt fyrir 2,2 ársverk á dagvinnu miðað við 2,0 ársverk á fyrra ári sem er hækkun um 0,2 ársverk eða 9,4%. Laun og launatengd gjöld á ársverk hækkuðu um 2%.

Við launaendurskoðun ársins 2016 voru skoðaðar allar launahreyfingar og breytingar á milli áranna 2015 og 2016 bornar saman. Launabreytingar fylgdu kjarasamningum. Skoðuð voru afrit ráðningarsamninga starfsmanna og gögn vegna breytinga.

6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld á árinu 2016 námu 6,2 m.kr. og lækkuðu um 0,1 m.kr. frá fyrra ári eða 1,6%. Tilfærslur námu 0,7 m.kr. og fólust í greiðslu til Hafrannsóknastofnunar vegna silungsrannsókna í Mývatni.

Við endurskoðunina var farið yfir kostnað Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og fylgiskjöl þar sem með þurfti t.d. við greiningu á milli ára. Einnig voru fylgiskjöl skoðuð eftir úrtaki. Lotun annarra rekstrargjalda um áramótin 2016/2017 var skoðuð. Athugað var hvort færslur væru færðar á rétta bókhaldslykla, reikningar samræmdust starfseminni og þeir áritaðir til greiðslu án athugasemda.

6.4 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir í endurskoðun rekstrarliða.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir 2,5 m.kr., skuldir námu 2,1 m.kr. og höfuðstóll nam 0,4 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Handbært fé	2.456	1.603	853
Viðskiptakröfur	0	2.089	-2.089
Eignir alls	2.456	3.692	-1.236
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	390	233	157
Viðskiptaskuldir	915	285	630
Ríkissjóður	1.150	3.174	-2.024
Eigið fé og skuldir alls	2.456	3.692	-1.236

7.1 Eignir

7.1.1 Handbært fé

Handbært fé felst í innistæðu á bankareikningi og nam 2,5 m.kr. í árslok 2016. Bókhaldi bar saman við bankayfirlit í árslok 2016.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Í árslok var höfuðstóll stofnunarinnar jákvæður um 0,4 m.kr. og hafði hækkað um 0,2 m.kr. frá árinu á undan eða sem nam tekjuafgangi ársins.

7.2.2 Viðskiptaskuldir

Við árslok námu viðskiptaskuldir 915 þús. kr. og höfðu hækkað um 630 þús. kr. frá fyrra ári. Viðskiptaskuldir voru greiddar í byrjun árs 2017.

7.2.3 Ríkissjóður

Skuld við ríkissjóð nam 1,2 m.kr. í árslok 2016 og hafði lækkað um 2 m.kr. frá fyrra ári.

7.3 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir í endurskoðun efnahagsliða.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstöðumanni.

8.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2016 í bókhaldi stofnunarinnar og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, m.a. í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Náttúruvannsóknastöðinni við Mývatn voru undirritaðar.

8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá stofnuninni var undirritað af ríkisendurskoðanda og forstöðumanni Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is